

má fara að verja allt að $\frac{1}{2}$ vaxtanna til nauðsynlegra áhaldakaupa handa Sjúkra- **137**
húsi Akraness, eftir því sem stjórnin ákveður. Árið 1964 má taka það fé, sem þá **30. júní**
kann að vera fram yfir kr. 10 000 — tíu þúsund krónur — og verja því til sömu
nota, en annars má aldrei skerða höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir, sóknarprestur og yfirlæknir Sjúkrahúss Akraness. Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem skráðir eru ársreikningar hans og áhaldakaup þegar þar að kemur. Skal ársreikningur samþykktur af tveim endurskoðendum, skipuðum af stjórn Sjúkrahúss Akraness. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari, sem samin er af undirritaðri stjórn sjóðsins, í samræmi við fyrirmæli gefanda, skal leitað samþykkis forseta Íslands og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 9. júní 1952.

Árni Árnason. Jón M. Guðjónsson. Haukur Kristjánsson.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um ýmis atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmanna- **138**
eyjum, frá 16. júlí 1895. **30. júní**

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Lundi skal algerlega friðaður á heimalandi, þar með taldir Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum allan ársins hring, nema frá og með 1. júlí til og með 10. ágúst. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

2. gr.

Með þessari breytingu falli niður samþykkt frá 13. júlí 1937, um breytingu á samþykkt um ýmis atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkv. lögum nr. 13 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22 9. júlí 1909, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1952.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.